

Fundargerð framhaldsaðalfundar FFR 2017 – 16. febrúar 2018

Framhaldsaðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana, haldinn á Grand Hótel í Reykjavík

Föstudaginn 16. febrúar 2018 kl. 11:45 – 13:00

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri

Fundarritari: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður

22 félagsmenn, auk starfsmanns félagsins og 14 áhorf eða streymi á netinu

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara

Björn Karlsson, formaður FFR setti fund og fundarmenn kynntu sig. Formaður kynnti nýjan starfsmann félagsins Jóhönnu Áskels Jónsdóttur og nýja skrifstofu félagsins á Hverfisgötu 105. Formaður sagði frá nýrri skýrslu starfshóps um Kjararáð sem kom út í gær og en ætlunin er að kynna efni hennar á fundinum. Formaður gerð tillögu um Eyjólf Guðmundsson sem fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði tillögu um Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur sem fundarritara og var það einnig samþykkt.

2. Tillögur til lagabreytinga

Fundarstjóri tók við fundarstjórn. BK fór yfir tillögur til lagabreytinga sem sendar voru út með fundargögnum. Á borðum voru einnig blöð með breytingunum. Tekið er tillit til nýlegra breytinga á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, bráðabirgðaákvæði eldri laga um aðild fyrrverandi forstöðumanna eru nú sett inn í lögina og breytt er ákvæði um kosningu stjórnar, s.s. lengd kjörtímabila og hlutverk kjörnefndar.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá til að ræða um breytingarnar.

Már Vilhjálmsson kom með fyrirspurn um gr. 2. hvort rétt væri að vísa í ákv. laganúmer, hvort ekki væri nóg að þar standi „að sinna lögbundnu hlutverki“. Fundarstjóri sagði að þarna væri komin fram breytingatillaga.

Bjarni Stefánsson spurði hvað yrði um þá félaga sem óska að standa utan félagsins í því ástandi sem nú er.

Björn Karlsson svarað að 13 lögreglustjórar hafa beðið um að standa fyrir utan félagið. Þeir geta það og ekkert óeðlilegt við það. FFR hafi skrifað þeim bréf og telj þá samherja, en óskað eftir nánu samstarfi og beðið um fund. Hins vegar fær FFR 0.7% af launum til reksturs félagsins og einnig af þeirra launum. BK telji það siðferðilega skyldu að sinna þeim. Lögina eru skýr um að FFR fái fjármunina. Beðið um fund með fulltrúum þeirra til að fara yfir stöðuna.

Ekki komu frekari fyrirspurnir eða athugasemdir. Fundarstjóri lagði til að hver og ein grein verði afgreidd og var það samþykkt með handauppréttingu.

1. gr. Samþykkt.

2. gr. Breytingatillaga frá Má Vilhjálmssyni – hún samþykkt . Greinin borin upp í heild með breytingu – samþykkt.
3. gr. Athugasemd kom fram um laganúmer sbr. breytingu á 2. gr. en ekki breytt - samþykkt.
4. gr. Fyrirspurn frá Má Vilhjálmssyni varðandi félagafrelsi, hvort greinin væri of þröng. Breytingatillaga um að fella út „innan eins mánaðar“. Rætt og Már dró tillöguna til baka. Greinin var borin upp óbreytt – samþykkt.
5. gr. Samþykkt.
6. gr. Samþykkt.
7. gr. Magnús Guðmundsson kom með tillögu um að bera skuli verklagsreglur kjörnefndar um framboð til stjórnarsetu og framkvæmd stjórnarkjörs undir stjórn til samþykktar. Nokkur umræða varð um tillöguna og endanleg tillaga var að bæta aftan við 7. gr. „Verklagsreglur skulu samþykktar af stjórn eftir kynningu á almennum félagsfundi.“ – samþykkt.
8. gr. Samþykkt.
9. gr. Samþykkt.
10. gr. Samþykkt.
11. gr. Samþykkt.
12. gr. Samþykkt.
13. gr. Samþykkt.
14. gr. Samþykkt.
15. gr. Samþykkt.

Lögin samþykkt 16. febrúar 2018 með lófataki.

3. Staðan varðandi endurskoðun launa forstöðumanna og vinna við nýtt starfsumhverfi

Björn Karlsson formaður FFR tók til máls og sagði frá nýrri skýrslu um kjararáð. Hann fjallaði um skýrsluna og stöðuna. Einnig notaði hann efni frá Sigurði Helgasyni í fjármálaráðuneytinu og sagði frá samstarfi FFR við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Hann fjallaði um veikleika í núverandi kerfi, misvægi í launaþróun, að rökstuðning vegna úrskurða hafi skort og að stjórnvöld hafi gripið inn í starf kjararáðs. Leitast er við að taka á þessum veikleikum í núverandi lögum, þeim sem eru undir kjararáði er fækkað, skerpt er á ákvæðum um forsendur launaákvæðana kjararáðs, og það sama hefur verið gert í vinnunni með Kjara- og mannauðssýslu varðandi forstöðumenn. Sú vinna heldur áfram og hafa þarf sérstakan fund um það.

Björn nefndi að skv. nýsamþykktum lögum þarf félagið að kjósa sér kjörnefnd og lagði til að þeir sem setið hafa í starfskjaranefnd taki að sér að vera í kjörnefnd fram að næsta aðalfundi í vor.

Formaður tilkynnti ennfremur að hann myndi ekki gefa kost á sér á næsta aðalfundi.

4. Önnur mál

Fundarstjóri bar upp tillögu um Hrafnel V. Gíslason, Herdísí Sveinsdóttur og Svein Runólfsson sem áður sátu í starfskjaranefnd FFR sem nú er aflögð, í nýja kjörnefnd FFR. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri nefndi að félagar væru nú í óvissuumhverfi og að hópurinn þurfi að þjappa sér vel saman.

Már Vilhjálmsson tók til máls. Miklar breytingar eru nú að verða á umhverfi okkar. Nauðsynlegt að hafa sátt um laun og kjör forstöðumanna og hvernig þau eru ákvörðuð, en það snýst um framkvæmdina. Már vill að launákvarðanir séu teknar oftari, ekki bara einu sinni á ári og í minni skömmtum.

Fundarstjóri tók undir og sagði að þetta væri samskiptamál og almannatengslamál.

Formaður tók undir með Má Vilhjálmssyni en sagði jafnframt að launahækkunir megji ekki drífa launaþróun í landinu. Laun forstöðumanna eigi að hækka miðað við hækkunir frá fyrra ári. Þannig sé það á Norðurlöndunum.

Fundarstjóri þakkaði fyrir traust til að stýra fundinum. Sagði smá dæmisögu um mikið álag en lág laun. Draga þarf fram ábyrgð og að forstöðumenn bera ábyrgð á framkvæmd fjárlaga ríkisins. Eiga þarf samtalið við viðsemjendur en ekki endilega vera með kvart og kvein.

Fundarstjóri mælti með að fólk skoði skýrsluna sem er á vef forsætisráðuneytisins.

Fundi var slitið kl. 12.47